



Lífgeislar

TÍMARIT UM LÍFSAMBÖND VIÐ AÐRAR STJÖRNUR • 79. TBL. 16. ÁRG. JÚNÍ 1993.

Sannleikurinn er geisli frá hinni æðstu veru.

Helgi Pjeturss

Þyrilvetrarbraut í Stóra birni

(Sjá forsiðumynd)

Myndin á forsiðu sýnir vetrarbrautina *M109*. Þetta er björt Vetrarbraut og hana er að finna í stjörnumerkinu *Stóra birni* (Ursa Major), nálægt stjörnunni Gamma. Hún er með gormlaga örmum og líkist að því leyti okkar vetrarbraut. Kjarninn í þessari vetrarbraut er mjög bjartur miðað við armana, sem eru tiltölulega daufir, en auk þess má sjá eins konar efnismikla, bjarta þverslá, sem leggur út frá kjarnanum til tveggja átta. Slíkt er ekki óalgengt.

Mjög eru vetrarbrautir misjafnar að lögun og gerð frá okkur að sjá. Ýmsir stjörnufræðingar álíta að þyrilvetrarbrautir séu tiltölulega ungar, armarnir eigi fyrir sér að smáhverfa, eftir því sem aldur færir yfir þær. Þá hverfi einnig geimryk það, sem víða liggur sem belti umhverfis þær og skyggir á miðhluta þeirra, samanber myndina hér að neðan af vetrarbrautinni *NGC 5907*, sem finna má í merki Drekans.

Ingvar Agnarsson



Dr. Carl Granquist:

Endurreisn Norrænuunnar á Norðurlöndum

Í Svíþjóð er nú haft hátt um, að allir innflytjendur verði að fá „heimalands-málkennslu“, svo að þeir þannig geti haldið sínum menningarlegu sérkennum. — „En hvers vegna ættu þá ekki norðurlandabúar að fá að hafa *sína* gömlu menningu?“. Því að það er reyndar svo, að þess konar tungumál, sem talað var í Svíþjóð á „heiðnum“ tíma var (með smávegis breytingum) sama mál og talað er á Íslandi enn þann dag í dag! Menn hafa á Íslandi lagt sig fram á þann hátt, sem mjög er frægðarvert, að fara ekki að „gera málið nútímalegt“, heldur nota menn forn orð yfir nýja hluti og hugtök, eða mynda ný.

Ég tel það allt annað en ósennilegt, að menn fari senn í Svíþjóð að „lesa Norrænu“, því að Sama-þjóðin fær daglega útvarpssendingar á Sama-máli¹⁾ og því skyldi þá ekki mega hafa útsendingar á Norrænu?“ Því að það er raunar svo, að Norræna er og verður það mál sem *á* að tala í Svíþjóð.

Það mál sem nú er talað í Svíþjóð er „sambland“ af hollensku og lágbýsku, en gægist menn dálítið dýpra í sænskt mál, komast þeir að því að sveitamállýskur hafa að geyma fjöldann allan af norrænum orðum. Þar hafa menn því varðveitt „menningararf“ sinn á allt annan hátt en í ríkismálinu, og í náinni framtíð munu fjölmargir í Svíþjóð verða vel að sér í Norrænu, því að þau fáu námskeið í Norrænu


1) „Semsku“ — sbr. Sem-sveinar = Lappar, í Vatnsdælasögu.

sem til eru á söfnunum, eru pöntuð *hálf ár* fram í tímann. Eftirspurn eftir Norrænni tungu er hér ævinlega fyrir hendi.

Hið ágæta tímarit *Lífgeislar* er gefið út á Norrænu, og verður vonandi og framvegis. Það er ekki til of mikils mælst, að þeir Svíar sem hafa áhuga á hinum mjög svo menningarlegu greinum þess tímarits, „læri Norrænu hið skjótasta“.

P. G. Þýddi

Stærðarmunur sólstjarna



Stærðarmunur nokkurra stjarna. Risastjarnan rauða, Betelgeuse, fyllir mestan hluta myndarinnar til hægri. Innar er sýnt yfirborð sólarinnar Antares og einnig umferðarbraut jarðar um sólina okkar nokkru innar, en fjarlægð hennar frá sólu er nálægt 150 milljónum km. Til vinstri sjást svo stærðir nokkurra minni sólstjarna eins og Aldebaran og Arcturusar og annarra enn minni og um leið raunbjartari eins og okkar

Ingólfur Jónsson frá Prestsbakka:

Listrænn sjáandi

Einn okkar snjöllustu listmálara, Eggert Guðmundsson, sem nú er látinn, átti mjög sérstæða skyggningáfu sem fáum var kunnugt um.

Hann málaði andlitsmynd af Hjálmari Jónssyni frá Bólu sem hér fylgir en Hjálmar sat þá fyrir hjá honum þótt löngu liðinn væri.


Hjálmar hafði komið fram á miðilsfundi og sagt frá, að hann væri ekki ánægður með þá mynd sem væri notuð af sér og sýndi hann aldinn að árum. Var Hjálmari bent á Eggert, sem hann heimsótti og sat hjá.

Annar löngu liðinn Íslendingur kom og sat fyrir hjá Eggert, en það var Egill Skallagrímsson og fylgir sú mynd hér einnig, en Egill var svo ókyrr að höfuð hans koma mörg fram á mynd Eggerts.


Þess má geta, að Eggert Guðmundsson bjó nokkur ár í Ástralíu og varð þar svo þekktur fyrir skyggni að lögreglan þar fékk hann til aðstoðar við lausn á morðmáli og leysti Eggert það þannig að hann stillti sig inn á þann tíma sem voðaverkið var framið á og lýsti sakaraðilanum að því svo nákvæmlega að hann fannst og viðurkenndi brot sitt.

Loks fylgir hér mynd af þriðja Íslendingnum sem, Skalla-grími Kveldúlfssyni, en þá mynd gerði Sigurður Guðmundsson málari, sá er teiknaði íslenska þjóðbúninginn en hann kvað einnig hafa verið skyggn eins og Eggert en ekki veit ég frekari deili á því.

Þessar myndir eru því allar gerðar af mönnum sem sáu inn á það svið sem geymir látna vini okkar og það svið sem kallar okkur til sín þegar þessari jarðvist lýkur.



Bólu-Hjálmar sat fyrir hjá Eggerti Guðmundssyni, listmálara, heima í Hátúni 11.



Egill Skallagrímsson.

Þorsteinn Guðjónsson:

Urðarmáni, framliðnir og afturgengnir

Eyrbyggja og Nýjatestamentið

Fróðárundur voru stórt orð í munni manna á uppvaxtar-
árum mínum, en auðvitað voru þeir til, sem höfnuðu þeim.
Einnig voru þeir margir sem sögðust „hafa gaman af þessu“
og síðan ekki söguna meir. En þeir voru líka ófáir, sem
hugðu, að þarna hefði eitthvað mjög merkilegt gerst. Dálítið
fróðlegt dæmi þess, hvernig mál eins og þetta getur skipt
mönnum í flokka, var það, þegar hætt hafði verið um skeið
að lesa Íslendingasögur í útvarpið, að allt í einu kom Þor-
varður bóndi á Söndum fram og fór að lesa Eyrbyggja sögu
í kvölddagskrá. Af ýmsum ástæðum sem ég rek ekki, varð
mér ljóst, að taugaveiklun bærði á sér í menningarliðinu út
af þessum lestri, enda var vel og hressilega talað og hvergi
dregið af sér í lestrinum. Einnig kaflarnir um undrin á Fróða
voru þarna lesnir hiklaust og hispurslaust. — „Hvað skyldu
þeir nú taka til bragðs?“ hugsaði ég, en þurfti ekki að biða
svarsins lengi. Eftir viku eða hálfan mánuð var kominn í
kvölddagskrá fulltrúi menningarliðsins, reyndar læknir (nú
látinn) sem var að því leyti ólíkur ýmsum fulltrúum liðsins,
að hann hafði lesið söguna og virtist henni allvel kunnugur.
Skýringar hans voru — og kom mér síst á óvart — á þá leið,
að sjúkdómar hefðu herjað á fólkið, eftir að Þóroddur
bóndi og menn hans drukknuðu, en undur hefðu engin
gerst. En skilningur söguritarans, á 13. öld hefur auðsæilega
verið sá, að *hvorttveggja* þetta hafi verið að gerast, og
nokkuð samhliða, og gæti sú skoðun vitanlega staðist enn
þann dag í dag, ef skýra mætti hvað undur eru.

Skilningur minn á Eyrbyggju í heild sinni er sá, að hún sé
vel varðveitt vitneskja um atburði sem gerst hafa (og snerist

læknirinn, Eiríkur Björnsson, á engan hátt gegn þeirri sögu-
legu heildarsýn). En hvað Fróðárundrin sjálf varðar, þá hef
ég á því efni stjörnulíffræðilegan skilning. Er þar af mörgu
að taka, en lítum fyrst á „Urðarmána“, og verður þá fyrst
fyrir, að það nafn er *skýring* Þóris viðleggs,¹⁾ kunnáttu-
manns, á fyrirbærinu, með tilvísun til eldri dæma, en ekki
fyrirbærið sjálft. Því er hinsvegar þannig lýst:

Í eldaskála ... sátu menn löngum við eldana, áður menn gengu til
matar. Það kveld er líkmenn komu heim, þá er menn sátu við málelda
að Fróðá, þá sáu menn á veggbili hússins að komið var tungl hálf; það
máttu allir menn sjá, þeir er í húsinu voru; það gekk öfugt um húsin og
andsælis. Það hvarf eigi á brott meðan menn sátu við elda. Þóroddur
spurði Þóri viðlegg, hvað þetta myndi boða. Þórir kvað það vera urðar-
mána; „mun hér eftir koma manndauði“, segir hann. Þessi tíðindi bar
við þá viku alla, að urðarmáni kom inn hvert kveld sem annað.

Fyrirburðirnir höfðu hafist með flutningi á líki Þórgunnu
til Skálholts, og það er í góðu samræmi við stillilögmálið, að
heima á Fróðá hefjast þeir undireins sama kvöld og líkmenn
koma heim. Líkmennirnir eru stillar, og hin sameiginlega
sýn alls heimafólks að Fróðá bendir til nokkurrar samstill-
ingar. En þar sem samstilling kemst á hátt stig, koma himin-
sýnir heldur fram en endranær. Heimafólkið fær sjónsam-
band við mannlífsstað á öðrum hnetti, ekki endilega miklu
fullkomnari en hér er og skín þar tungl yfir. Vill svo til að
það er hálf á þessari stundu. Því tekur fólkið eftir, að tungl
þetta gengur öfuga leið fyrir augum þess, og er það nú
reyndar ekki annað en það sem tunglið okkar gerir fyrir
augum þeirra sem búa á suðurhveli jarðar. Hvað það snertir,
mælir í raun ekkert á móti því að sambandið hafi verið við
einhverja á suðurhveli jarðar. En næsta ólíklegt er, að þar
hafi orðið framlífsstaðir Forn-Íslendinga, en það er fram-
lífsstaður sem samhengið í Fróðárundra-þætti bendir svo
sterklega til, og er óhætt að gera ráð fyrir að tunglið í sýn-
inni hafi verið eitthvað öðruvísi en tunglið á vorum himni,
þó að ekki sé þess getið í sögunni.

1) Urður var goðvera, vera hins liðna, og er orðið urðarmáni tvímælaust dregið af nafni hennar.

Þarna er „leiksvið“ undranna, annarsvegjar á Fróðá, hins-
vegjar á líkum stað á urðarmána-hnettinum, sem á að verða
móttökustaður framliðinna, og liggur þá fyrst fyrir að
athuga hvað felst í hinu forngöfga, heiðna orði: *framliðinn*,
sem ekki á sér samsvörun í evrópskum nútímamálum, svo ég
hafi getað fundið (nema í nýnorsku). Orðið þýðir: „sá sem
hefur flust fram“ og væri ekki þannig til orða tekið, ef ekki
fælist í því: til fullkomnunar. — Nú er til annað orð, úr sama
sjóði, en með öðrum svip og blæ: *afturgenginn*, afturganga.
Afturgenginn er sá sem hefur gengið til baka. En eins og vel
er kunnugt, er það algengt á dauðastundum að nánir ætt-
ingjar og vinir verða varir við hinn látna, sem eins og *reynir*
að líkamast að nýju hjá þeim, og tekst að einhverju leyti
stundum. Vissulega tókust slíkar tilraunir aldrei til lengdar,
en ætla má að dæmin séu miklu fleiri en til skila hefur verið
haldið. Katie King, hinn frægi líkamningur, sem svo var
nefnd, en játaði síðan að hún væri Annie Morgan, hafði
verið uppi á 17. öld, og má ganga að því vísu, að hún hafi
verið komin á góða framfaraleið. Og svo er á hinn bóginn
þetta, þegar einhver sem hefur líkamast á einhverjum öðrum
hnetti, í öðru mannfélagi, en samstillist þar ekki, kemst ekki
inn í mannfélagið, reynir þá að endurlíkamast aftur til frum-
lífsjarðar sinnar. Þetta var það sem Forn-Íslendingar köllu-
ðu afturgöngur. En líkamningur (sbr. líkur hamur) eða
hamingja heitir það, sem betur stefnir, til dæmis þegar
dísu og öðrum verum tókst að birta eftirmynd sína eða
ham hér, og eru þess dæmi í forníslenskum bókmenntum.

Hallfreður vandræðaskáld átti sér fylgiveru sem kölluð er hamingja
í sögunni, og er það þannig að skilja, að sjálf veran, líkamleg á sínum
hnetti, hefur einhvern tíma náð að mynda ham eða líkamning hér, í
návist Hallfreðar. Það er líkamningurinn sem réttilega heitir hamingja,
en ekki hin eiginlega vera, sú sem myndar hann með fjargeislun sinni.

Það sem hverjum glöggum — og sanngjörnum — lesanda
Eyrbyggju hlýtur að vera ofarlega í huga að loknum lestri
Fróðárundra-þáttar, eru framlífsörlög Þórodds og liðs hans.
Atburðurinn gerist á mótum heiðni og kristni. Fyrir um

sumarið hafði fylgi við kristni verið samþykkt á Alþingi. Stíllíáhrif frá þeirri samþykkt, frá valdamönnum landsins, hlutu að leiða til greiðari sambanda við framlífshnetti kristinna, en torvelða þau við hina fyrri sambandshnetti, einkanlega þeirra, sem stefndu í fullkonnunarátt, því að kirkjan viðurkenndi síst af öllu það, sem heiðnin hafði sér til ágætis. — Það eru ekki sjálf hin guðlegu sambönd sem ég á við, heldur aðeins „næstu“ eða fyrstu framlífshnettir. Það er einn slíkur hnöttur, sem fólkið fær sambandssýn frá, áður en reimleikarnir koma yfir það; það sér tunglið „í þann heim“, áður en það flyst þangað, en þegar þangað er komið, kann fólkið ekki við sig, og reynir að snúa við, „ganga aftur“; tekst það um tíma, en verður þó að hafa sig á brott, þegar Snorri goði kemur á vettvang með ráðstafanir sínar. — Hver hefur orðið saga þessa fólks síðan, veit ég ekki, en ætla má, að það hafi hlotið að fylgja „heiðnum örlögum“ í framlífi — en enginn fær mig til að trúá, að slík örlög hafi verið neitt lík því, sem oft hefur kennt verið í kristnum dómi.

Óskandi væri að einhvern tíma gefi góðum athuganda sýn yfir á hnöttinn, þar sem Þóroddur bóndi og heimafólk hans líkamaðist fyrst, og vitað verði hvers vegna því fannst þar svo óvistlegt, og hvernig því fólki hefur vegnað í framlífi síðan.

Frá upprisu til uppstigningar Framlífssaga Jesú frá Nasaret

Um sögu Jesú frá Nasaret, þessi 34—37 ár, sem hann lifði hér á jörð, mun hafa verið meira ritað en um nokkra aðra mannsævi, sem á þessari sömu jörð hefur gerst. Heimildir eru nokkrar; en þó engar frá samtíma viðburðanna, og umdeilt hve löngu síðar þau rit eru skráð, sem helst er farið eftir, en það eru postulasagan, guðspjöllin og bréfin. „Af lærisveinum lærisveina hans“, voru þau rit samin, og ýmsar missagnir koma fyrir. Engu að síður má ætla, að með samanburði á grunni stjörnulíffræði megi komast nærri

sumum höfuðatriðum þeirrar sögu. En það er sagan „frá upprisu til uppstigningar“, sem mér hefur lengi hugleikin verið, og er mér þó hvorttveggja ljóst, að sumir, og þeir ekki fáir, telja það einskisvert sem um þá atburði er rætt, og svo hitt, að sumir telja óleyfilegt að hugleiða þá hluti rökrétt. Annaðhvort of heilagt eða og fyrirlitlegt.

Ýmislegt hefur stórfurðulegt rekið á hugarfjörur mínar á langri ævi: eins og til dæmis þetta, þegar kaþólskur fræðimaður (sem skrifað hafði afar vinsamlegan og viðurkennandi ritdóm um bækur mínar á ensku máli) fór að segja mér frá því, að hann teldi Jesús enn vera á gangi, líkamlegan, hér á jörð. Ég vissi, að það þýddi alls ekki að fara að rökstagla, en spurði hvort hann hefði sjálfur séð, en svo var ekki, heldur hafði hann fundið einhverja sem hann treysti og mat mikils, en þeir þóttust séð hafa. Eftir því sem mér virtist og líklegt þótti, hefur verið um líkamning að ræða, af öðrum hnetti, en engum dettur í hug að spyrja slíks, þar sem á hinum kaþólsku leiðum er gengið.

Guðspjöllin eru samsaga um, að María Magdalena og María hin hafi komið að gröf Jesú á páskadagsmorgni og séð a) að steininum á gröfinni hafði verið velt við b) að líkið var horfið og c) að „ungur maður“, „tveir menn“ eða „engill“ eða „tveir englar“ hafi verið þar fyrir og ávarpað þær. Missagnir eru ekki meiri en búast má við, ef menn láta af hugmyndinni um „óskeikulleik orðsins“.

Síðan gerðist það, sama dag, að tveir lærisveinar — af 70 — eru á leið til þorpsins Emmaus, og eru daprir í bragði, sem vænta mátti, en þá gefur sig maður á tal við þá og spyr þá fréttu af viðburðum. En þeir þekktu hann ekki fyrr en hann hvarf þeim sýnum, að þetta var Jesús raunar, og „brann ekki hjartað í okkur“ segja þeir „meðan hann talaði við okkur“. Þetta að hjartað brann, getur ekki þýtt annað en að líkamningur tók magn til sín, ef eitthvert vit á að vera í sögunni. Og er það magn sérstaklega bundið tilfinningalífínu. Athyglisvert er, hve Jesús leggur sig fram um að sanna lærisveinunum að hann sé líkamlegur, með því að láta þá þreifa á sér, og til frekari áréttingar lætur hann þá gefa sér

fisk að éta. Lúkas segir frá þessu og Markús stuttlega, en ekki hinir guðspjallamennirnir. Hinsvegar segja þeir allir frá því að Jesús birtist þeim ellefu, undir lok þessa 40 daga tímabils, sem lauk með því að hann varð „uppnuminn til himins“ og „hvarf þeim í skýi“. Það ský var líkamningarmökkur.

Það er eitt og annað athyglisvert við þetta 40 daga millitímabil í framlífssögu Jesú. Til dæmis þetta, að hann bannar Maríu Magdalenu að snerta sig — „því að ég er enn eigi uppstiginn til föður míns“. Mín tilgáta er sú, að Jesús hafi, eins og aðrir samtíðarmenn hans, líkamnast fyrst á fremur varasömum stað („fyrsta stigs framlífshnetti“ líkt og Eyrbyggjumennirnir) og að töluverð áhætta sé tekin með því að endurlíkamast til jarðarinnar. Líkamningurinn er of veikbyggður til þess að þola miklar „tilraunir“ jarðarfólks. Þessvegna segir hann: „snertu mig ekki“.

Á þessu tímabili er það — sem ekki finnst þó stafur um í guðspjöllunum — að *helgisagnir* greina, að Jesús hafi „stigið niður til heljar“ (sbr. Ágsborgarjátninguna — og: „öll helvítis járnhlið skjálfa — undrast myrkr hví ljós er styrkra“, segir Lilju-Eysteinn, munkur). Slíkt eru ævintýri, sem þó mættu vera ekki alveg án sambands við veruleikann.


Telja má nokkrar líkur til þess, að Jesús hafi, líkt og Jónas Hallgrímsson, síðar um skeið eftir dauða sinn dvalist á fremur ófullkomnum hnetti, og gert þaðan nokkrar tilraunir til líkamningar hingað til jarðar, sem þó gátu aðeins skammvinnar orðið. En vegna þess eindregna trausts, sem lærisveinarnir veittu honum, m.a. vegna þeirrar hættu, sem steðjaði að þeim sjálfum, magnaðist hann á þessum heimsóknnum, en það leiddi aftur til þess, að lengra komnir ættingjar hans á fullkomnari hnöttum náðu honum til sín, og er það slíkur atburður sem í kristinni trúfræði hefur verið kenndur við uppstigningu (Resurrection; Auferstehung; Opstandelse), og talinn hafa gerst á uppstigningardag.

Það er í góðu samræmi við þennan aðdraganda — frá páskum til uppstigningardags, eftir því sem talið er, og svo tíu daga til viðbótar, að í beinu framhaldi af honum gerist

sá atburður, sem leiddi til stofnunar kristins trúfélags, kirkju, á hvítasunnudag. Sá atburður ber öll merki þess að vera lífaflfræðilegur, biodynamiskur, dæmi um aðstreymi kraftar. Við það að Jesús sjálfur hafði náð að flytjast til hins fullkomnara stigs á fjarlægum hnetti, með „uppstigningu“ sinni, hafði skapast eins og eyða í aflsvæðið, hér og á systurhnettinum, og verður þá að fylla í þá eyðu. Það gera hinir lengra komnu ættingjar hans með því að veita hingað afli sínu, og við það magnast allir þeir sem nokkuð höfðu lagt á sig eða hætt sér í þágu hins framliðna foringja. „Skyndilega varð gnýr af himni, eins og aðdynjanda sterkviðris og fyllti allt húsið sem þeir sátu í; og þeim birtust tungur, eins og af eldi væru, er kvísluðust og settust á einn og sérhvern þeirra“. Auðsætt er að þarna er um líkamningar-tilraunir að ræða, og ekki óhugsandi að „tungur“ þessar, sem fara lausar um loftið, standi í einhverju sambandi við „tungutal“ postulanna á eftir.

Þetta var upphafið að þeirri hreyfingu, sem kölluð er kristin kirkja, og farið hefur víða um þessa jörð síðan, með misjöfnum árangri löngum, en þó aldrei án einhvers vitnisburðar um það aðstreymi sem þarna átti sér stað, frá annarri stjörnu, en það hefur hin íslenska heimspeki ein megnað að skýra. Megi það valda úrslitum í sögu þessa hætt komna mannkyns.

D. G.



LAUSPYRPINGAR STJARNA. – Í stjörnumerkinu Perseifi eru tvær lauspyrpingar stjarna hvor hjá annarri, NGC 869 og NGC 884. Þær sjást berum augum sem daufir birtublettir og þekur hvor þeirra álíka stórt svæði og tungl í fyllingu.

Þorsteinn Guðjónsson:

Flosi Björnsson, Kvískerjum Minning

Fæddur 13. desember 1906 — Dáinn 23. maí 1993

Lán mitt — á ævi sem nokkuð er farið að teygjast úr — hefur verið að kynna fólki, sem mér virtist vera afbragðs-fólk. Einn slíkur var Flosi Björnsson.

Flosi Björnsson á Kvískerjum í Örfæmum er látinn, 86 ára að aldri. Samband hafði ég við hann annað veifið í rúm 40 ár, en ekki sáumst við fyrr en nú fyrir nokkrum árum. Og þó, ætli mér hafði ekki borið hann fyrir sjónir á Landsbókasafni einhvern tímann um 1960—70 og áttað mig á því eftir á, þegar ég sá nafn hans í gestaskrá. En þá var ég of óframur til að fara að trufla fræðimanninn við störf hans til þess eins að segja, að hér væri ég kominn.

Því fræðimaður var Flosi Björnsson vissulega og þó að ég þekkti ekki nema brot af störfum hans á því sviði var það mér nóg til að skilja, að þau voru vönduð og vel unnin. Svo ég gangi lengra og tali sannara, þá var Flosi bókmenntamaður í gömlum og góðum skilningi, víðlesinn og vellesinn, jafnframt því að vera laus við mælgí um þau efni. En eitt er það sem alveg sérstaklega mætti nefna honum til heiðurs, en það er hjálp sú sem hann veitti okkur sem störfuðum að 2. útgáfu Nýalsrita doktors Helga Þjeturss árið 1955. Hin mikla og merkilega rannsóknabrot, sem doktor sá lagði á, í framhaldi af jarðfræðirannsóknum sínum, sú hin síðari „brekkusókn“ hans hófst á árunum 1910—1912 og lauk ekki fyrr en að ævilokum. Nú er það svo um oss, gagnstætt þeim sem halda að allt sem er verði fyrir ómerkilegar tilviljanir þar sem ekkert er öðru hærra, þá ætlum vér að manningum sé kostur boðinn, þegar hann ræðst í ósmátt viðfangsefni. Þegar ég las fyrst frumútgáfu Þónýals, síðasta Nýalsritsins (1947) og sá þar tilvitnun úr þýsku ljóði: „Anfangs wollte ich

fast verzagen“ („Það lá við að mér féllist hugur fyrst“), þótt-ist ég vita, að þarna væri Helgi að vísa til upphafs hins mikla og erfiða verks, sem hann hafði tekist á hendur, þót hér um bil óvinnandi virtist. „Vel til fundið;“ hugsaði ég, en undir vísunni stóð: Goethe. Hafði hann Helgi lagt mikla stund á rit hans. Þetta hafði ég fyrir satt í nokkur ár, enda er rang- minni um slíkt svo fátítt hjá Helga að varla finnast dæmi. En þegar við fórum að huga að endurútgáfu fengum við bréf frá Flosa Björnssyni og stóð þar m.a.: „Geta má þess að þessi vísa er í Buch der Lieder, eftir Heine.“

Við leiðréttum þetta að sjálfsögðu, í 2. útgáfu. En löngu síðar, þegar ég var að kanna nákvæmlega ritferil dr. Helga rakst ég á eftirfarandi tilvitnun sem hann tekur upp (1912): „Margir miklir menn hafa þegar gengið á þessari jörð ... og á heilögum stundum koma þeir oss fyrir sjónir í þokumynd.“ Tilvitnun er frá Heine. (Prentað í: Valdar ritgerðir-A 1991, s. 245).

Orðsending Flosa var þannig ekki aðeins einföld leiðrétt- ing á tilvitnun, heldur lykill að sumum frumþáttum í fræðum dr. Helga. „Skyggningáfa“ Heines og skilningsvið- leitni Goethes hafa jöfnum höndum haft áhrif á kenningu hans á byrjunarstigi.

Greinar eftir Flosa Björnsson, vandaðar að efni og orð- færi, birtust í tímaritum Nýalssinna, Íslenskri stefnu o.fl. einkum fyrr á árum.

Ein síðustu samskipti okkar Flosa voru, þegar við hjónin heimsóttum hann að Kvískerjum haustið 1990. Þá gaf hann mér bók úr safni dr. Helga „Mein geistiges Schauen in die Zukunft“ eftir frú de Ferriem (1900) og þótti mér að því hinn mesti fengur og heiður.

Liðin er mannsævi hér á jörð og tekur önnur við, í endur- sköpuðum líkama, fullvöxnum og heilbrigðum á annarri jörð, þar sem fagarar sálargáfur, heiðarleiki og vandvirkni koma mönnum vel að haldi.

P. G.

Páll Lýðsson í Hlíð:

Um Norðurland árið 1900

Ferðasaga

Rétt fyrir lokin síðastliðið vor fékk ég bréf frá Helga Péturssyni náttúrufræðingi, sagðist hann vera búinn að fá styrk til jarðfræðirannsókna og ætla sér að ferðast norður í Þingeyjarsýslu og skoða ýmislegt á leiðinni. Beiddi hann mig að vera fylgdarmann sinn og útvega sér hesta til ferðarinnar.

Þegar mér gafst svona gott tækifæri til að fara norður, mér að öllu leyti kostnaðarlaust, afréð ég að verða fylgdarmaður hans, þó að ég gæti ekki orðið góður fylgdarmaður, þar sem ég hafði ekki farið neitt af þessum vegi. Svo útvegaði ég hesta til ferðarinnar og lagði af stað að heiman 4. júlí til Reykjavíkur, eins og til stóð. Þegar þangað kom, sagðist Helgi hafa ætlað sér að fara Kjalveg aðra leiðina, en póstveg hina. Okkur kom saman um, að heppilegra væri að fara norður Kjöl en geyma það þangað til seinnipart sumars, þegar veðráttu væri farin að spillast. Ég vissi líka, að Brynjólfur frá Minna-Núpi ætlaði um þetta leyti norður Kjöl og vildi reyna að ná í hann og verða honum samferða, enda gat það verið báðum gott. Það gat sparað honum að kaupa sér fylgd sem hann hefði annars þurft, og Helgi komist þá hjá að kaupa sér fylgd sem hann hefði ekki komist hjá annars.

Svo héldum við austur Helligheiði og sem leið liggur og komum að Hlíð þann 9. Var þá Brynjólfur þar fyrir. Þaðan lögðum við af stað 11. júlí og tjölduðum rétt fyrir innan Tungufell. 5 nætur vorum við á milli byggða, að þeirri nótt meðtaldri og er það mjög hægt farið. Við vorum allir asalausir, það er líka gaman að dvelja upp í fjöllum um hásumarið í góðu veðri. Kjalvegur var líka að mörgu leyti

skemmtilegur. Vegurinn víðast góður nema sjálft Kjalhraun. Víðast hægt að fá góða haga fyrir hestana og margur fallegur blettur á leiðinni og fjalla- og jöklasýn hin fegursta. Veðrið þessa dags meðan við vorum í óbyggð var lygnt og gott en skúrir einhvern tíma dagsins og þegar norður yfir Kjölinn kom, nutum við ekki útsýnis því þoka var á fjöllum.

Ár eru margar á leiðinni en fáar stórar, mestar eru Jökulkvísl fyrir innan Ytrihreppsmannafrétt, kemur hún austan úr Arnarfellsjökli og nokkuð úr Kerlingarfjöllum, var hún hjá okkur rúmlega í miðjar síður, og Blanda, hún er lítil uppfrá, þar sem við fórum yfir hana — í samanburði við það sem hún er, þegar kemur niður í byggð. Hún var rúmlega í kvið. Við hittum líka gott vað á henni, en hætt er þar við sandbleytu.

Ekki er vandratsað úr því kemur norður af Kjalhrauni. Í fyrrasumar var vegurinn varðaður þaðan og norður í byggð og eru vörðurnar svo þéttar að varla kemur svo svört þoka, að ekki megi sjá frá einni til annarrar. Fyrsti bær sem við komum á var Mælifell, er það þó ekki syðsti bær í Skagafirði, mikið skemmra er niður í Gilhagadal sem er austar. En við fórum eftir vörðunum og þær liggja niður í Mælifellsdal og svo fer maður eftir dalnum, sem er bæði djúpur og þröngur og svo langur að ég hélt að hann ætlaði aldrei að taka enda. Að Mælifelli komum við seinnipart dags og náttuðum þar. Presturinn, Sigfús Jónsson, kom þangað frá Hvammi í Norðurárdal, var í kaupstaðarferð norður á Sauðárkrók, svo konan hafði án þess við vissum sent eftir bónda af næsta bæ. Átti hann að vera okkur til skemmtunar. Hún gerði það auðvitað í góðri meiningu, en litla skemmtun höfðum við af manningum. Hann stærði sig samt talsvert af því hvað hann hefði verið fljótur á milli byggða þegar hann fór Kjalveg fyrir nokkrum árum, samt sagðist hann hafa verið orðinn bæði syfjaður og þreyttur, er hann kom heim, en á hestana minntist hann ekki. Ég held að honum hafi ekki komið til hugar að þeir gætu þreyst.

Á Mælifelli skildi Brynjólfur við okkur. Oft fréttum við

til hans, en ekki bar ferðum okkar saman fyrr en suður í Mýrasýslu, að við vorum honum samferða hálfan dag.

.....

(Hér er sleppt löngum kafla um ferð þeirra Helga og Páls um Norður-land, uns þeir eru á suðurleið um haustið)

Ekki stönsuðum við í Hrútafirðinum, en héldum áfram suður Holtavörðuheidi. Er ágætur vegur yfir hana. Seint um kvöldið komum við að Fornahvammi, efsta bæ í Norðurárdal, þeim öðrum með því nafn, sem við komum í. Daginn 28. lögðum við seint upp. Þegar við komum niður að Sveinatungu, næsta bæ við Fornahvamm, þekktum við hesta Brynjólfs þar á túninu og gerðum því vart við okkur til að spyrja til vegar, en einkum þó til að hitta hann. Átti hann samleið með okkur um tíma, og biðum við meðan hann bjó sig til ferðar. Var það í eina skiptið, sem við stóðum við á bæ í ferðalaginu, það er að segja, þar sem við náttuðum ekki. Brynjólfur varð okkur samferða suður í Hvítársíðu; sögðu hvorir öðrum sína ferðasögu. Náttuðum við á Sámsstöðum. Þaðan fórum við upp að Kalmans-tungu og gengum upp á Strútinn, sem er hátt strýtumyndað fjall fyrir ofan bæinn.

Skemmsta leið þaðan til Reykjavíkur er Kaldadalsvegur; samt gátum við ekki farið hann því Helgi þurfti að skoða Sandfell á Reynivallahálsi. Fórum við því aftur niður Hvítársíðuna og Hvítá á brúnni á Kláffossi og komumst að Grund í Skorradal. Þaðan næsta dag að Reynivöllum í Kjós og svo til Reykjavíkur í björtu veðri og góðum þerri 1. september. Var þá ferðinni lokið.

Ekki er ég nærri eins kunnugur Norðlendingum eða háttum þeirra fyrir því að við vorum einir frá morgni til kvölds, því mikið af veginum fórum við fylgdarlaust eftir slóð, þótt misjafnt væri að rata eftir henni. Okkur var víða boðin fylgd, en ég vildi ógjarnan þiggja hana af því að í þau skipti sem við fengum fylgd var hún svo dýr að ekki var nema fyrir stórríkismenn að ferðast upp á þann máta. Vildi ég svo ekki þiggja fylgd þó hún væri boðin því þá gat ég ekki

komið að notum sem fylgdarmaður, enda fór allt vel, aldrei fórum við afvega.

Sá sem fylgdi okkur fyrst var maður sá er ég nefndi fyrr að var sóttur okkur til skemmtunar að Mælifelli. Varð hann okkur samferða fyst, því framhjá bæ hans lá vegurinn. Þegar þangað kom fór ég að spyrja til vegar að Héraðsvötnunum. Var það eins og klukktíma lestagangsferð. Hann sagði, að ekki væri hægt að segja alókunnugum mönnum til vegar, það væru líka 2 skurðir á leiðinni, sem vont væri fyrir ókunnuga að komast yfir; sagðist hann gjarnan vilja fylgja okkur. Helgi sagði, að það væri vont velboðnu að neita, og svo kom hann með okkur. Þegar að Héraðsvötnunum kom spurði Helgi: Hvað skulda ég þér fyrir fylgdina? Það getur nú varla verið mikið, svo sem 2 krónur. Meira en 2 tíma hefur hann varla verið í burtu.

Næst fengum við fylgd yfir Eyjafjörð. Kostaði hún krónu og var það sanngjarnt. Þriðja og síðasta sinnið fengum við fylgd í Mývatnssveitinni að Dettifossi. Okkur var talin trú um, að við gætum ekki farið það fylgdarlaust, þar sem um einlg öræfi væri að fara og hvergi sæist gata, svo við þorðum ekki annað en fá fylgd. Það var bóndinn í Reykjahlíð, Einar að nafni, sem með okkur fór, og tók hann 7 krónur um daginn. Þá gaf hann ekki heldur hestabeit, því 15 aura tók hann fyrir hvern hest yfir nóttina, en ekki þó nema krónu fyrir hvorn okkar. Viðast var tekin sérstök borgun fyrir hestana frá 10—20. aura fyrir hvorn yfir nóttina og það þó ég bæði flytti og seddi þá.

Ódýrastur næturgreiði var 95 aurar fyrir hvorn okkar, en dýrast 2 krónur. Gjarnan var það 1.50, ekkert var betra að vera þar sem dýrast var selt. Séra Benedikt á Grenaðarstað og bræðurnir á Laxamýri vildu enga borgun.

Ekki fannst mér Norðlendingar neitt þægilegri en Sunnlendingar og varla eins, það var víða, sem við riðum fram hjá fólki sem var á engjum og spurðum til vegar, að það rétt ansaði því sem um var spurt, en talaði ekkert meira né spurði okkur hvaðan við værum. Hvergi sagðist Helgi hafa hitt jafnófeimið fólk og í fyrrasumar, þar sem hann var á ferð

hér sunnanlands.

Ekki er meiri menningarbragur fyrir norðan en hér, nema í Þingeyjarsýslunni, og munar það ekki miklu nema þar sem best er. Það er mesta skrum hjá kaupamönnum, sem norður hafa farið hvað fólkið sé fjörugt, og sumir hafa þóst verða það sjálfir, en mér sýndist það líkt og hér. Bygging er yfirleitt ekki betri, en þar er hægara að koma hreinlæti við, því minni raki er í húsunum. Þó bæir séu stórir og rúmið mikið, eru þeir ekkert reisulegri, því þökin eru svo flöt og víðast niðurgengt í þá, ein trappa niður í bæjardyrnar. Víðast er baðstofan að húsabaki, eru þá ekki hús með þili, sem snúa fram á hlaðið nema ... og kannski skemmukofi. En á betri bæjunum er oft stofa sín hvorumegin við þær og þar fyrir innan kemur búr og eldhús hvort móti öðru. Verða þá göngin býsna löng.

Um húsabygging í Húnavatnssýslu get ég ekkert sagt, því við komum þar aðeins á einn bæ, Staðarbakka; var bygging þar orðin gömul, en skipun ekki ólík því sem hér gerist. Þegar kemur suður fyrir Holtavörðuheidi eru bæir byggðir í líku formi og hér um pláss, og langtum reisulegri, þar sem er góð bygging og járn á mörgum húsum. Heldur fannst mér fólk þægilegra eftir að við komum á Suðurland. Ég man til dæmis ekki eftir að ég hafi hitt öllu þægilegri mann en Pétur gamla á Grund í Skorradal. Þar var líka eins mikill myndarbragur á öllu eins og þar sem allra best er fyrir norðan.

Alls staðar var viðurgjörningur hinn besti, en þó dálítið mismunandi. Að matartilbúningur sé betri fyrir norðan að öllu samanlögðu efast ég um. Við komum alls staðar á bestu bæina og sáum fögru hliðina á búskapnum. En þó sannfærðist ég um, að skyr getur t.d. verið misgott, svo það á ekki saman nema að nafninu. Enda var eins og fólk veigraði sér við að gefa okkur það nema um það væri beðið. Það er samt mjög óviðkunnanlegt upp til sveita að fá vínsúpu í staðinn fyrir skyr og mjólk þar sem allt þarf að kaupa til hennar. Mjólk getur þó alls staðar verið góð, ef hreinlega er með hana farið.

Páll Lýðsson í Hlíð.

Grímur Thomsen:

Stjörnu-Odda draumur nýrri

(*Síðari hluti*)

(*Framhald úr síðasta hefti Lífgeisla nr. 78*)

3. PARADEISOS

(*Paradís*)

Skepurnar hafa hjarta' og sál
hæfa til framfara;
sjálfan heyrum vér Sankti Pál
segja til Rómverja:
„Öll stynur skepnan eftir lausn,
eins og í burðarhríð; —“
úthýsa guðs mun engum rausn
við endað dagsins stríð.

Ánauð og dauða ætla' eg sízt
ávöxt af lífsins tré,
tignari skepnum tel ég víst
tilvera' að búin sé;
tveim af þeim einkum ætluð var
ódáins- , hygg ég vist:
friðarins önnur boðskap bar,
bar önnur Jesúm Krist.

Frelsarinn man, hvar fæddist hann,
féð mun ei gjalda þess,
sakleysinu hann einkum ann,
ætlar því mjúkan sess;
lækkar hann máské ljónsins dramb,
lætur það halda frið;
en — skyldi sjálft guðs ljúfa lamb
lömbunum amast við?

Sízt muntu vinar sakna þess,
sem unnir hér í heim;
ann guð þér bæði hunds og hests,
hafirðu yndi af þeim;
himins fer dýra her umkring
hvelfingar meginás,
í stjörnumerkingja miðjum hring
mörg sérðu dýr á rás.

4. SVIPIR

Hér ef þú neðra ástvin átt,
eftir að skilur við,
í svip og í draumi svífa mátt
sorgbitnum vin að hlið;
glögg enginn maður anda sér
ódáins klæddan hjúp,
því grafar staðfest ennþá er
ykkar á milli djúp;

þó fái hann þig til fulls ei séð
finnur hann þú ert nær,
svífandi hans um sorgarbed,
sumarkvölds eins og blær;
svo máttu hugga' og hættum gegn
hjálpþurfann aðvara;
svo brúkar drottinn þig sem þegn
í þarfir annarra.

Forsjónin lands oft felur vörn
framliðnum sonum þeim,
fyrir sem þess voru beztu börn; —
í byggðir fornar heim
landsins í þrautum leitar sveit
landvætta' og heldur vörð,
og hulins undir hjálmi' eg veit
þær hjálpa fósturjörð.

Alareks þegar yfirtók
ofsinn í Grikkja sjót,
Akkilles bjarta skjöldinn skók
skörungi Gotna' í mót;
felmtraður Goti flýði láð,
feikn er hann þessa sá,
Æakíðans var augnaráð
öndótt og harðleg brá.

Sjálfan Attilu Cæsars rak
svipur í burt frá Róm;
vættanna heyrði' hann vopnabrák,
válegan sverða dóm;
söguhetjurnar halda enn
hendi' yfir Íslands byggð;
ef aftur verða eigum menn
áa því veldur tryggð.

5. BREIÐABLIK

Þótt endalaus sé eilífðin
hún endist valla til,
að öll ég sjái sólkerfin
og sólna millibil;
í *skoðuninni* skynja ég,
hve skammt mín náði von,
og hversu mín var trúin treg
að treysta' á mannsins son.

Stjörnufræðingar finna skjótt
fleira' en þeir þjuggust við:
annarra heima ítra drótt,
æðst sólbúanna lið,
fullkomnari og fegri menn,
frumborið ljóssins kyn,
bjartara' af málmi myndað en
vér moldar börnin hin.

Á lifandi manna löndum er
ég lít hinn sæla hóp,
og sé að alla meiri mér
mildingur himna skóp
hervistar drambið frá mér fer,
ég finn, er kemur þar,
að allir vöðum villu hér,
vitrir og heimskingjar. —

Grímur Thomsen

Haukur Sigtryggsson:

Gleymum ekki

Stundum hafa stormar og
stóru veðrin grimm
reynt að kæfa kertalog
svo kæmi nóttin dimm,
reynt að blása um brostinn skjá,
berja inn á gafl,
harðan, kaldan hvítan snjá,
kynlegt dauðans afl.

Inni ríkti óttinn og
andann næstum kól,
en kynlegt, að eitt kertalog
kraft hafði sem sól,
veifði burtu vofu kífs,
von í huga sló,
nægði til að neisti lífs
nærðist, ekki dó

Rifjaði fólk upp rímur og
ramman galdrastaf,
kvað þá við eitt kertalog
kvæði um þann sem gaf
orku í hvert óðarspil,
andans lögin tvenn,
vit og kjark og vilja til
að vera eins og menn.

Við sem núna veljum og
virðum allt til gulls,
ættum að kenna kertalog
og kunna þó til fulls
að meta verk og vilja þann
sem varðað hefur leið,
gleymda konu, gleymdan mann
og gengin æviskeið.

Ingvar Agnarsson:

Svefn og draumur

(Brot)

„Hvaðan kemur þú
kæri vinur?
Veit mér svör hin sönnu.“

„Heimkynni mitt
er á himinhnöttum
þar sem Æsir alast.
Senda þeir mig
um svala vegu
allra böla að bæta.“

Vorboðar

Alheimarnir

(Draumur)

I

Mér þótti ég staddur vera í skóla einum eða menntastofnun og væri ég hér kominn til að hefja nám. Þótti mér þetta vera yfirstofnun einskonar eða yfirháskóli. Hér væri kennt á þann veg, að nemendur fengju víðari yfirsýn yfir alheiminn og tilveruna alla, heldur en unnt væri í öðrum skólum.

Nú var ég hér að litast um og þóttist vera að kynna mér lítillega, í hverju þessi æðri kennsla væri einkum fólgin.

Hér var ég staddur í stórum sal, sem mér fannst vera einskonar anddyri skólans. Var hátt til lofts og vítt til veggja. Voru hér mörg spjöld afarstór. Stóðu þau á gólfi og voru öll nokkuð hallandi. Myndir voru á þessum spjöldum og þótti mér þær eiga að tákna einskonar yfirsýn eða öllu heldur e.k. líkön af alheiminum með meiri og meiri yfirsýn yfir stærri og stærri hluta alheims heildarinnar frá einu spjaldinu til annars, eftir því sem unnt væri að skýra slíkt með myndum og líkönum, en einnig með einskonar innsæi eða öllu heldur sambandsskynjun jafnframt. Stóðu myndir þessar í röð, með allnokkru bili á milli hverrar um sig.

Byrjaði ég að virða fyrir mér það spjaldið, er stóð lengst til hægri. Mun það hafa verið nokkurra metra stórt um sig, e.t.v. milli 4 og 10 m á hvern veg. Á því voru myndir, sem mér fannst eiga að tákna þann alheim, sem unnt væri að skoða og skynja með þeim sjón- og mælitækjum sem menn höfðu gert sér og sem unnt væri að beita, á yfirborði jarðar minnar, allt til þeirra endimarka, sem þau drægju lengst.

Hér gat að líta vetrarbrautir margar, nokkrar stórar í forgrunni, þær nálægustu, en svo smá minnkandi út í meiri og

meiri fjarska, sumstaðar líka hópa eða hvirfingar vetrarbrauta, og loks voru þær fjarlægustu svo litlar orðnar að sjá, að þær virtust sem agnar smáir ljósdeplar, uns svo langt var komið út í geiminn, að ekkert gat sést meir í þeim tækjum, sem menn áttu yfir að ráða og byggðist á ljósgeislun og annarri geislun þessara afar fjarlægu efniseinda.

En eitt hið merkilegasta við þessa miklu mynd, var það, að mér þótti ég skynja myndina ekki sem flatan flöt einungis, heldur einnig og ekki síður sem fjarvíddarmynd. Mér fannst fjarlægðin sjálf, himinvíddin sjálf, birtast mér hér í allri sinni dýpt, í öllu sínu þrívíða veldi, svo hugur minn heillaðist og fylltist mikilli undrun yfir þeim töfrandi mikilleik sem hér birtist á þessari mynd, þessu alheimslíkani.

Lengi horfði ég sem hugstola á þau undur, sem hér blöstu við sjónum.

Loks sleit ég mig lausan frá þessari mynd og gekk að þeirri næstu, stillti mér upp fyrir framan hana svo hún blasti sem best við sjónum mínum. Og hér gaf á að líta, alheiminn með nokkuð öðrum hætti en á fyrri myndinni, því hér mátti sjá útvíkkaða mynd af honum (eða hluta hans) mjög margfaldlega stækkaða frá því sem var á þeirri fyrri.

Hér voru ekki sýndar einstakar vetrarbrautir og vetrarbrautahópar, eins og á þeirri fyrri, heldur eins og dálítið aðskildir alheimshlutar. Næst á myndinni mátti sjá eins og einskonar afmarkaða heildargerð alls þess alheims, sem við erum hluti af og sem sást á fyrri mynd. Þar næst tóku við aðrir alheimar, engu minni, en sem sýndust minnka eftir því sem fjær dró og verða loks sem smádeplar í ómæli fjarskans. Alheimar þessir voru sýndir sem kringlur einskonar, dálítið frábrugðnir vetrarbrautunum sem sýndar voru á fyrri myndinni. Og eins og áður varð mér fjarvíddarskynjunin ákaflega ljós, rétt eins og stæði ég í sjálfu alheimsrúminu og skynjaði alla þessa óradýpt eða órafjarlægð með margfalt næmari skilningi eða tilfinningu heldur en nokkur jarðneskur maður getur búið yfir. Það var líkt því, sem hér hefði ég komist í samband við einhverja óendanlega miklu æðri og fullkomnari vitund, en við menn getum látið okkur

dreyma um. Svo sem gagntekinn, altekinn æðri magnan, stóð ég lengi frammi fyrir þessu alheimslíkani uns af mér rann mesti krafturinn eða magnanin og ég reyndi að jafna mig eftir þessa stórkostlegu reynslu.

Nú gekk ég yfir að þriðju myndinni, sem við fyrstu sýn virtist álík hinum tveim að stærð og e.t.v. að innihaldi. Fór ég að horfa á hana á sama hátt og hinar fyrri. Þá eins og laukst upp fyrir mér, að hér var enn líkan af alheimi, eða alheimi alheimanna, útfært að mér virtist á nær óendanlega margfaldari hátt og mikilfenglegri en á þeim fyrri.

Þá var sem fylltist ég e.k. vanmáttarkennd. Ég fann, að ég var alls ófær um að taka á móti meiri fræðslu í bili, um þetta óendanlega viðfangsefni. Ég var þegar orðinn fullmettur og meira en það. Það sem ég hafði séð og skynjað var mér í raun algjörlega ofviða. Þetta hafði fengið ákaflega mikið á mig. Ég stóð hér sem lé magna og yfirbugaður, altekinn eða yfirþyrmdur eftir skynjun eða móttöku þessa mikla máttar, sem nú var horfinn mér.

Allan tímann, sem ég hafði verið að skoða myndirnar tvær, var hugur minn opinn og gagntekinn af þeirri sterku tilfinningu, að allur þessi alheimur væri morandi af lífi, og að sumir þessara „alheima“ væru byggðir eingöngu af svo til óendanlega öflugum lífverum, svo alsamstilltum, alvitrum, algóðum og máttugum að vilji og tilfinning hverrar einnar væri í öllum og allra í hverri einni, svo mjög, að við jarðarmenn á mínum hnetti, þótt komnir værum nokkuð á rétta leið, hefðum alls enga möguleika á að skynja né skilja þá yfirþyrmandi fullkomnun, sem hér væri um að ræða. Það þóttist ég líka skilja, að kraftur sá hinn mikli, sem ég hafði reynt á eigin hug og líkama, meðan ég var að virða myndirnar fyrir mér, væri mér aðsendur frá máttugri verum, einhversstaðar að úr víðáttum stjarngeimsins.

Nú mun draumur minn hafa tekið að dofna lítillaga.

Nýrri hugsun skaut nú upp í huga mér: „Til þess að fræðast um þessi efni verð ég að fá sterkan leiðbeinanda og sá eini, sem til þess er fær, er *Jónas Hallgrímsson*.

Upp frá þessu rofnaði draumur fljótt, en áður en ég var

að fullu vaknaður, kom í huga mér þessi setning: „Ég uni mér ekki út í Máney“, og rétt í því var ég fullvaknaður og vissi um leið, að þetta er fyrsta ljóðlínan í ljóði Jónasar Hallgrímssonar, „Máney“, sem er ákaflega vel gert kvæði og áhrifaríkt en e.t.v. nokkuð tvírætt ef í það fer.


II

Augljóst virðist mér, að draumur þessi stafar af sambandi við draumgjafa á öðrum hnetti, þar sem skilningurinn á lífinu og á alheiminum er kominn á miklu hærra stig en enn er af að segja á æðstu menntastofnunum okkar jarðarbúa.

En nú, þegar „undirstaða rétt er fundin“ þ.e. fræði Helga Pjeturss eru komin til sögunnar, þá ætti að réttu lagi, aðeins að vanta herslumuninn á, að unnt verði að breyta hér um stefnu, svo að þáttaskilum valdi í sögu mannkyns okkar, (og e.t.v. margra fleiri hnatta jafnframt, því svo mun jafnan vera, að framsókn margra mannkynja fylgjast að.)

Hér verða Íslendingar að verða fyrstir til, ef sigur á að vinnast, og líklega verða einhverjir menntamenn að ríða hér á vaðið, þótt hætta verði til þess lífi og frama. Og nú eru fáeinir menntamenn, af þessu bergi brotnir, að ljúka erfiðu námi erlendis. Og taki þeir ótrauðir upp ötula baráttu fyrir hinu mikla máli, þegar heim kemur (eins og ég hef mikla trú á), mun sigur vinnast, og fjöldinn taka að fylgja þeim eftir, því rétt mun vera það hið gamalkunna, að „eftir höfðinu dansa limirnir“, og væri það vel farið.

*Dreymt mvd. 30. des. 1992.
Vaknað kl. 5 um morguninn.
Ingvar Agnarsson*



Svifið um langan fjörð

með hömróttum hliðum

Mig dreymdi, að ég svifi milli hárra fjalla, og var sjór undir. Ég sveif þarna eftir mjög löngum firði. Var hann sums staðar nokkuð breiður en annars staðar mjög þröngur. Ég sveif ýmist hátt eða lágt, og ég athugaði landslagið. Víða sá ég til botns í sjónum, þar sem fjörðurinn var mjóstur. Sá ég hvernig hamrabeltin lágu þar lárétt hvert niður undan öðru, og enduðu í kverk neðst niðri. Sjórinn var mjög tær og nokkuð grænleitur. Mér þótti, sem skriðjökull hefði grafið þennan fjörð. Ég athugaði hamrabeltin í hliðum fjallanna. Þau voru lárétt, hvert upp af öðru og ekki ólík blágrýtislögum í íslenskum fjöllum, að öðru leyti en því, að hér var liturinn miklu ljósari. Fjöllin voru mjög brött og há, en annars tók ég einkum eftir þeim neðantil. Í raun og veru má segja að samfelld fjall hafi verið sitt hvorum megin fjarðarins. Ég þóttist vita deili á landslagi á mjög stóru landsvæði, beggja megin þessa fjarðar. Þóttist ég vita að langir og þröngir firðir lægju samhliða þessum firði, og sá ég fyrir mér í huganum hvernig öllu landslagi var háttað.


Ég hélt áfram að svífa út eftir þessum langa firði uns ég kom út fyrir hann, og blasti þar við haf, með strjálíngi af smáum eyjum. Ég staðnæmdist á nesi einu, hægra megin við fjarðarmynnið. Var þar fólk fyrir. Einn unglíngur kom til mín, og bað mig að svífa með sig út í eyju eina, sem var skammt frá landi. Ég tók í hönd hans og svífum við saman út yfir sjóinn, lágt, og staðnæmdumst á eyjunni. Endaði þar draumurinn.

*Dreymt 20. apríl 1970
Ingvar Agnarsson*

Auglýsing frá Skákprenti

LÍFHEIMAR DRAUMANNA

Draumar og skýringar á eðli þeirra ásamt myndum og teikningum



Ingvar Agnarsson

Verð beint frá útgefanda kr. 2.600.- (bókabúðaverð er kr. 2.900,-). Bókin er allfjölbreytt að efni og skiptist eftir því í nokkra aðalkafla þ.á.m.: Lífheimar draumanna — Lífheimar alheimsins; Lífstefnudraumar; Sambandsstöðvar í draumi; Himinsýnir í draumi; Landslag og svif í lofti; Draumar um listir; Sérkennilegt útlit manna; Helstefnu-draumar; Jarðfræðilegir draumar.

Bókin er 224 bls. og hefur inni að halda, auk lesmáls 62 myndir og teikningar. Útgefandi **Skákprent**, Dugguvogi 23, Reykjavík, Pósthólf 1179, Símar 31975, 31391 og 31335. Fax 31399.

LÍFGEISLAR 103

Fyrir miðilsmunn

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Hannes Hafstein.

Hannes Hafstein.

Heil og sæl.

Mörg og margvísleg áhrif þau, er berast milli hnattanna, lífendanna í milli, og þau áhrif segja til sín í draumlífinu ekki síst. Draumsambandið er stjörnusamband hið furðulegasta og merkilegasta og möguleikarnir þar óendanlegir, fullkonnunarmöguleikarnir. Það verður að gera ráð fyrir, að draumgjafinn verði æ fullkonnari eftir því sem samstillingin veður fegurri og fullkonnari manna í milli. EN þetta þarf auðvitað ekki að fjölyrða um hér við ykkur.

En þessi áhrif, er ég hér er nú að hyggja að, fjargeislunaráhrif lífsins í alheimi, þurfa að verða öllum ljós og allir þurfa að læra að stilla svo saman hugina, að sambandið verði við æðra tilverustig, draumsambandið, og lífsambandið í rauninni allt. Það legg ég mikla áherslu á, að án þess að þessu sambandi sé komið í sem fullkonnast horf á jörðu ykkar, nær mannkynið ekki þeim þroska, sem nauðsynlegur er og framförum, hvorki líkamlegum né andlegum.

Það má fullyrða, að þetta orkusamband eigi sér stað hjá öllum lífverum jarðarinnar, hinum lægstu sem hinum æðstu, á mismunandi stigi auðvitað og án þess væri óhugsandi, að líf hefði komið til sögunnar, hvað þá þróast stig af stigi, svo sem raun ber vitni um aldirnar. Þó sú þróun hafi því miður ekki orðið á þann veg sem skyldi að öllu leyti og mjög fjarri því enn og líftegundir hafa liðið undir lok mjög margar og maðurinn á jafnvel á hættu að verða þar á meðal. En haqnn hefur þó möguleika til að átta sig, hvert stefnir og breyta stefnunni með tilstyrk fullkonnari vísinda og heimsfræði. Þetta má segja er það, sem er Íslendingum ekki hvað síst ætlað að verða öðrum þjóðum fyrirmynd og fordæmi í

hugsun og athöfnum. Menningin er í molum víða á jörðunni og varla byrjuð ennþá, þó merkilegur vísir sé að menningu fram komin þar sem best er.

Þakka ný fyrir. Blessuð.

(*Gunnar Hjörvar ritaði eftir segulbandsupptöku.*)

Fyrir miðilsmunn

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Svavar Guðnason, listmálari.

Sæl, Svava.

Svava Jónsdóttir: Já, komdu blessaður.

Svavar: Halldór er nú nýkominn að kveða okkur í kútinn og erum við allir í vandræðum að svara fyrir okkur svo vel sé.

Svava: Þú ert nú ekki í vandræðum, held ég. Jæja, það var gaman að þú skyldir láta til þín heyra.

Svavar: Það er nú svo sem ekki mikið að heyra í mér.

Svava: Nei, þú lætur ekki mikið yfir þér.

Svavar: Ég er fáorður og hlédrægur að vanda. *En þó er ég sannfærður um mátt tungumálsins til að efla hugsun mannsins og vit, sé rétt á haldið.*

Svava: Þið eruð nærri hvor öðrum, þið Halldór?

Svavar: Rétt er það.

Svava: Það er gaman að heyra.

Svavar: Svava, það eru svo margir merkir menn hér, fræðimenn og listamenn, skáld, málara. Það verður seint allt upp talið og eru hér listir og vísindi í miklum hávegum höfð og á þeim sviðum margir afreksmenn og stórkostlegir afreksmenn ýmsir hér og skal ég nú ekki um það verða margorður þó. En það eru stórkostleg listasöfn hér, þar sem má sjá hin fegurstu listaverk snillinganna og frumlegustu og mannvirki hér mörg bera þess merki, að miklir snillingar hafa þar að verki staðið og borgir hér undursamleg listaverk í raun og veru svo mikla aðdáun vekur, hve allt er snilldarlega unnið, skipulag og útlit bygginga innra sem ytra frábærlega gert.

Ég sé litina hér í náttúrinni marga þá, sem ég kannast við og svo líka liti, sem ég ekki hef séð áður. En þeir litir eru miklu fegurri en ég get með nokkru móti lýst. Það kemur mér til að hugsa allt öðruvísi en ég gerði að mörgu leyti og tek nú upp aðrar aðferðir við að mála, með aðrar stíltegundir.

Þakka nú fyrir.

Blessuð og sæl.

Svava: Vertu blessaður. Ég vil segja þér, að við Ásta (kona hans) tölum oft saman.

Svavar: Bið fyrir kveðju til hennar, blessaðrar, úr fegurri heimkynnum annars hnattar.

Svava: Já, ég skal segja henni þetta.

Þakka þér kærlega fyrir.

10. 07. 1989. Gunnar Hjörvar (ritaði eftir segulbandsupptöku).

Fyrir miðilsmunn 23. 9. 1991

Miðill: Sveinn Haraldsson

Fram kom: Anna Pjeturss

Sæl og blessuð.

Kona.

Jæja, það er mikill kraftur sendur héðan til Íslands. Fjölmenni hér samankomið og ég skynja til ykkar fundar og ég beini orku til ykkar jafnframt. Ég er framliðin íslensk kona. Anna Pjeturss.

Svava Jónsdóttir: Já, komdu sæl. Ég man vel eftir þér, þegar við hittumst í Hveragerði.

Anna: Blessuð. Ekki hef ég gleymt þér heldur.

Svava: Manni þykir það nú ánægjulegt, þegar svo vill til að maður gleymist ekki.

Anna: Já, já, það er svo margt sem maður man. Langan tíma tæki það nú að rifja það allt upp hér. En maður hugsar alltaf um hið liðna öðru hverju. Eitt og annað rifjast upp það, sem skemmtilegt má kalla. Annað fremur á hinn veginn jafnvel. En það má segja minningarnar fylgi manni jörð af jörð og maður væri víst ekki burðugur án þeirra.

Svava: Einhvers staðar eru þær geymdar hjá manni, þó að það sé ekki alltaf, sem maður man eftir því.

Anna: Minnið er undirstöðunauðsyn. Minningarnar og sagan er það, sem þroskann skapar, (lífs)reynslan. Hver hefur sérstaka lífsreynslu að baki og sögu og minningar. Þetta er nú ekki þörf á að fjölyrða um við ykkur reyndar.

Eftir því sem ég þroskast að hæfileikum og viti, víkkar sjóndeildarhringurinn (og skilningurinn) dýpkar og má það vel nefna, að einnig mannþekking vex. En mannþekking jarðarbúa er takmörkuð í meira lagi. Ekki hefur íslensku þjóðinni í þeim efnum mikið öðruvísi farið en öðrum þjóðum. Það munu mörg dæmi því til sönnunar. En gleggsta dæmið tel ég það, er snertir minn kæra föður, hvernig þjóðin hefur sýnt, að ekki hefur hún talið að vert væri að sýna honum þá rækt svo sem vert væri, ef mannþekking væri meiri.

Þetta er nú ekki sagt hér ef ekki væri full ástæða til þess sjálfrar þjóðarinnar vegna. Það er hennar skylda að lítilsvirða ekki það sem mikils er um vert og þá sem öðrum fremur sýna, að þeir hafa eitthvað það fram að færa, er þjóðinni mætti verða til framdráttar og þroska (og) íslenskri menningu til eflingar. Ekki tel ég auðvelt að benda á neinn, er í þessum efnum hefur unnið það, er þjóðinni er meir til þroska eða gæti orðið meira til heilla en verk föður míns. Mikil afrek í vísindum eiga það síst skilið að þau séu að engu höfð.

Þakka svo fyrir og verið sæl.

(Gunnar Hjörvar ritaði eftir segulbandsupptöku).

EFNISYFIRLIT

ERINDI OG GREINAR:

Pyrilvetrarbraut í Stórabirni (sjá forsíðumynd). I.A.....	bls. 74
Endurreisn norrænnar á Nordurlöndum. Dr. Carl Granquist. Þorsteinn Guðjónsson þýddi	“ 75
Listrænn sjáandi (með tveim myndum. Ingólfur Jónsson frá Prestsbakka	“ 77
Urðarmáni, framliðnir og afturgengnir. Þorsteinn Guðjónsson	“ 79
Flosi Björnsson, Kvískerjum. Minning. Þorsteinn Guðjónsson	“ 86
Um Norðurland árið 1900. Ferðasaga. Páll Lýðsson í Hlíð.....	“ 88

LJÓÐ:

Stjörnu-Odda draumur nýrri (síðari hluti). Grímur Thomson	“ 93
Gleymum ekki. Haukur Sigtryggsson.....	“ 96
Svefn og draumur (brot). Ingvar Agnarsson.....	“ 97

DRAUMAR:

Alheimarnir. Ingvar Agnarsson	“ 98
Svífið um langan fjörð. I.A.....	“ 102

AUGLÝSING FRÁ SKÁKPRENTI:

Lífheimar draumanna. Safn drauma með skýringum á eðli þeirra. Höfundur: Ingvar Agnarsson.....	“ 103
--	-------

SAMBANDSFUNDIR:

Fyrir miðilsmunn. Miðill: Sveinn Haraldsson Ritari Gunnar Hjörvar Hannes Hafstein.....	“ 104
Ingvar Guðnason, listmálari.....	“ 105
Anna Pjeturss	“ 106

MYR:

Mynd af vetrarbraut.....	“ 74
Stærðarmunur sólstjarna. Mynd.....	“ 76
Lausþyrpingar stjarna. Mynd.....	“ 85
Stjörnumynd	“ 101